

Mánudaginn 9. desember 1991.

Nr. 119/1991. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Tryggva Bjarna Kristjánssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd.

Í öllum ákærum máls þessa utan ákæru 17. maí 1990 er ákærða gefið að sök að hafa ekið bifreið „sviptur ökuréttindum ævilangt“. Upplýst er í málinu, að ákærði hefur aldrei öðlast ökuréttindi. Samkvæmt sakavottorði hans var hann með dómum sakadóms Reykjavíkur 6. nóvember 1980, 4. júlí 1983 og 29. ágúst 1985 „sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt“. Tveir síðastnefndu dómarnir voru staðfestir um þetta atriði með dómum Hæstaréttar 16. nóvember 1983 og 12. mars 1986. Ónákvæmni í ofangreindum ákærum að þessu leyti stendur þó ekki í vegi þess, að efnisdómur verði lagður á málið.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta sakarmat hans og heimfærslu til refsíákvæða að öðru leyti en því, að ölvunarakstur ákærða samkvæmt ákæru 20. nóvember 1985 varðaði við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 40/1968, en ekki við 2. mgr., sbr. 4. mgr. sömu greinar, eins og í héraðsdómi segir. Er atferli ákærða réttilega heimfært til refsíákvæða í ákærinni.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Óhóflegur dráttur á meðferð máls þessa í héraði er aðfinnsluverður.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Sakarkostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 28. júní 1990.

Ár 1990, fimmtudaginn 28. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 330/1990: Ákærvaldið gegn Tryggva Bjarna Kristjánssyni, sem tekið var til dóms 19. þ. m.

Málið er höfðað með tólf ákæruskjölum ríkissaksóknara, svo sem nánar verður rakið, á hendur Tryggva Bjarna Kristjánssyni, Þingholtsstræti 12, Reykjavík, fæddum 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík.

Málavextir:

Ákæra, dagsett 20. nóvember 1985.

Aðfaranótt laugardagsins 24. ágúst 1985 laust eftir kl. fjögur voru þrír lögreglumenn í Keflavík í eftirlitsferð um kaupstaðinn. Er þeir óku suður Hringbraut, mættu þeir bifreiðinni Ö-3855. Virtist þeim aksturslag hennar athugavert og veittu henni því eftirför norður Hringbraut, vestur Vesturgötu, norður Heiðarbraut og loks vestur Heiðarhvam, þar sem bifreiðin var stöðvuð á móts við hús nr. 6. Er lögreglumennirnir höfðu tal af ökumanni, ákærða í máli þessu, fundu þeir, að sterkan áfengisþef lagði frá vitum hans. Þá gat hann ekki framvísað ökuskirteini. Var hann því færður á lögreglustöðina í Keflavík til yfirheyrslu hjá varðstjóra.

Kl. 5.10 kom læknir á lögreglustöð til töku blóðsýnis úr ákærða. Reyndust í því vera 0,86 ‰ alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að laugardaginn 24. ágúst 1985 hefði hann ekið bifreiðinni Ö-3855 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt frá Njarðvík til Keflavíkur, en

þar hefði lögreglan stöðvað akstur hans við húsið nr. 6 við Heiðarhvammm.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum, er varða þessa ákæru. Varðar þessi háttsemi við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 15. janúar 1986.

Að morgni laugardagsins 31. ágúst 1985 laust eftir kl. 9.30 var lögreglunni í Keflavík tilkynnt um umferðarslys á Vatnsleysustrandarvegi skammt sunnan við Skipholt.

Í frumskýrslu lögreglu segir, að þarna hafi bifreiðinni R-8711 verið ekið suður Vatnsleysustrandarveg, en í beygju, sem sé nokkuð sunnan við húsið Skipholt, muni ökumaður hafa misst vald á henni með þeim afleiðingum, að hún fór út fyrir veginn og valt, en stöðvaðist þó á hjólunum.

Þegar lögreglan kom á vettvang, lágu maður og kona fyrir utan bifreiðina. Konan lá nær henni og var svo til rænulaus. Maðurinn, ákærði í máli þessu, lá nokkru fjær. Var hann með rænu og því hægt að tala við hann. Ákærði og konan, Nanna Soffía Karlsdóttir, fædd 7. febrúar 1960, voru flutt á slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík í sjúkrahúsið.

Haft var samband við lögregluna í Reykjavík og þess beiðst, að tekin yrðu blóðsýni úr ákærða og Nönnu Soffíu. Var það gert á slysadeildinni kl. 10.40, að því er varðar ákærða, og reyndust í sýninu 1,14% alkóhóls.

Við lögreglurannsókn málsins viðurkenndi ákærði akstur bifreiðarinnar greint sinn. Hann hefði misst vald á henni og hún hafnað utan vegar. Kvaðst hann hafa verið undir dálitlum áfengisáhrifum, er umræddur atburður varð. Hefði hann ekið með á að giska 80 kílómetra hraða m.v. klst., er óhappið varð, og misst vald á bifreiðinni, þegar hann ók af bundna slitlaginu inn á mölina, þar sem því sleppti. Hefði hann verið að koma úr Reykjavík og valið þessa leið, sökum þess að hann hefði verið litillega ölvaður.

Ákærði taldi bifreiðina hafa oltið nokkrar veltur. Nanna hefði setið við hlið sér í framsætinu, en hvorugt þeirra notað öryggisbelti. Kvaðst hann ekki vera með ökuréttindi og aldrei hafa öðlast þau.

Fyrir dómi sneri ákærði við blaðinu og kvað ákæruna ranga. Það hefði verið Nanna, en ekki hann, sem ók bifreiðinni. Kvaðst hann hafa tekið á sig sök hennar, til þess að hún missti ekki ökuleyfi, enda hefði hann, hvort eð var, þegar verið sviptur ökuréttindum. Væri skýrsla sú, sem hann gaf við lögreglurannsókn málsins, því röng. Hann hefði verið færður í

fangaklefa sárþjáður, en kvörtunum sínum ekki verið sinnt, fyrir en hann hafði viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-8711.

Vitnið Nanna Soffía Karlsdóttir bar við lögreglurannsókn málsins, að ákærði hefði ekið bifreiðinni frá Reykjavík og ferðinni verið heitið til Keflavíkur, en þangað hefði ákærði boðist til að aka sér. Kvaðst hún hafa þegið boðið, enda hefði sér virst ákærði ódrukinn. Ökuferðin hefði gengið vel, en þegar þau komu að Vatnsleysustrandarafleggjaranum, hefði ákærði stungið upp á því, að þau færu Vatnsleysustrandarveg. Kvaðst hún ekki hafa haft á móti því.

Vitnið kvaðst ekki gera sér grein fyrir því, hvernig slysið atvikaðist, en hún hefði misst meðvitund um stund. Sér hefði virst ákærði aka hratt, og þegar hún hefði beðið hann að aka hægar, hefði það engin áhrif haft, fremur verkað öfugt. Hið næsta, sem hún mundi eftir sér, hefði verið, að hún lá fyrir utan bifreiðina og átti erfitt með að hreyfa sig.

Í þinghaldi 4. desember 1986 er bókað, að samkvæmt upplýsingum frá boðunardeild dómsins væri framangreint vitni í Flórída í Bandaríkjunum og ekki væntanlegt til landsins í bráð. Þá er í þinghaldi 11. mars 1988 bókað eftir ákærða, að vitnið sé enn búsett í Flórída.

Teknar voru skýrslur af tveimur vitnum auk Nönnu Soffíu við lögreglurannsókn málsins, sem voru í húsi því, sem lagt var upp frá í ökuferðina frá Reykjavík til Keflavíkur.

Þorbjörn Friðriksson gat ekki borið um, hver ók bifreiðinni frá húsinu. Sama máli gegndi um Guðmund Friðriksson.

Í áverkavottorði Tryggva Þorsteinssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, um meiðsli Nönnu Soffíu Karlsdóttur kemur fram, að við komu á slysadeild hafi hún verið með fullri meðvitund og engin merki verið um lost eða heilahristing. Hún hafi fyrst og fremst kvartað um verki efst í baki og neðst í hálsi. Í andliti hafi verið þrír skurðir, einn á hægri kinn og tveir hægra megin á enni. Hruflsár og mar hafi verið yfir hægri mjaðmarkambi og á báðum fótum. Röntgenmyndir hafi verið teknar af hálsliðum, og í ljós hafi komið brot í gegnum liðflöt á 7. hálslið. Ekki hafi þó verið um neina tilfærslu að ræða í brotinu. Hún hafi síðan legið á spítalanum í átta daga, en þá fengið að fara heim með svokallaðan hálskraga.

Ekki liggur annað fyrir en vitnið Nanna Soffía Karlsdóttir sé búsett erlendis. Reynt var nokkrum sinnum að grennslast eftir, hvort hún væri væntanleg til landsins, en jafnan án árangurs. Þótt tekist hefði að fá vitnið fyrir dóm og hún þar haldið hinu sama fram og við lögreglurannsókn málsins, hefði það ekki leitt til annars en þess, að fullyrðing hefði staðið gegn fullyrðingu. Verður því að telja ósannað gegn neitun ákærða fyrir dómi, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að

sök í þessari ákæru. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins út af þessari ákæru.

Ákæra, dagsett 11. febrúar 1986.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði greiðlega, að þriðjudaginn 29. október 1985 hefði hann ekið bifreiðinni Í-1025, sviptur ökuréttindum ævilangt, stuttan spöl á gatnamótum Bárugötu og Bræðra- borgarstígs í Reykjavík og svo óvarlega, að bifreiðin rakst á ljósastaur við gatnamótin.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er gögnum þeim, er varða þessa ákæru. Varðar brotið við 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 5. maí 1986.

— — —

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að fimmtu- daginn 20. febrúar 1986 hafi hann ekið bifreiðinni G-7054, sviptur ökurétt- indum ævilangt, frá Drápuhlíð 22 hér í borg að húsi í vesturhluta borgar- innar, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Mýrargötu.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með afdráttarlausri játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 12. nóvember 1987.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að mánu- daginn 24. ágúst 1987 hafi hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökurétt- indum ævilangt, frá Háagerði 33 hér í borg að Víðimel 21.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með áfdráttarlausri játningu hans og öðru því, sem fram er komið í málinu, varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 14. janúar 1988.

1.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá RLR og fyrir dómi, að þriðjudaginn 29. september 1987 hafi hann reynt að selja falsaðan tékka í bensín-

afgreiðslu Olíufélagsins Skeljungs hf. við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ. Kvaðst ákærði hafa útfyllt tékka þennan úr tékkhefti í eigu Óla Friðjóns Halldórssonar, Kóningsbakka 10 hér í borg, frá Alþýðubankanum, Lauga-vegi 31, Reykjavík. Tékkafjárhæðin hafi verið 5.500 kr. og númer hans 1522543. Viðurkenndi ákærði að hafa falsað nafnið Lárus Þorvaldsson sem útgefanda og framseljanda á tékkann, en að öðru leyti hefði hann ekki útfyllt hann. Af þeim sökum vantaði bæði nafn handhafa og dagsetningu á tékkann. Sökum þess að afgreiðslumaður hefði gert athugasemd við tékkann, hefði hann ekki getað selt hann.

Þrátt fyrir það að ákærða hafi ekki tekist að selja tékkann, telur dómurinn brot ákærða fullframið, en það varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2.

1) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins greiðlega viðurkennt, að mánudaginn 28. september 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Ö-10523, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Hringbraut.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að þriðjudaginn 29. september 1987 hefði hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans í Frostaskjóli.

3) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins greiðlega viðurkennt, að þriðjudaginn 20. október 1987 hafi hann ekið bifreiðinni R-68035, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Framnesvegi við Sólvallagötu.

4) [...] Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að þriðjudaginn 24. nóvember 1987 hefði hann ekið bifreiðinni R-10523, sviptur ökuréttindum ævilangt, um götur í Reykjavík, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Vitastíg.

Framanlýst háttsemi ákærða í öllum fjórum liðum síðari kafla þessarar ákæru er sönnuð með afdráttarlausum játningum hans, sem studdar eru gögnum þeim, er varða hvern lið um sig. Hefur ákærði með þessu brotið gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 8. mars 1988.

Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að laugardaginn 26. desember 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Y-5111, sviptur

ökuréttindum ævilangt, frá Hverfisgötu 72, Reykjavík, um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Birkimel.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 14. júní 1988.

1) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að miðvikudaginn 30. desember 1987 hafi hann ekið bifreiðinni Y-5111, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Súðarvogi í Reykjavík að Bílanausti við Borgartún og aftur áleiðis til baka, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Elliðavogi við Holtaveg.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði greiðlega viðurkennt, að mánudaginn 14. mars 1988 hafi hann ekið bifreiðinni R-61910, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Þverholti í Reykjavík áleiðis að Hverfisgötu 72, einnig í Reykjavík, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Flóka-götu við Snorrabraut.

3) [...] Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að mánudaginn 11. apríl 1988 hafi hann ekið bifreiðinni R-61910, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Smiðjuvegi í Kópavogi til Reykjavíkur, en þar hafi lögreglan stöðvað akstur hans á Sogavegi við Réttarholtsveg.

Framanlýst háttsemi ákærða í öllum þremur liðum ákæru er sönnuð með játningum hans og öðrum gögnum málsins.

Brót ákærða í 1. lið ákæru varðar við 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. nú 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, en brot hans í 2. og 3. lið varða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 22. september 1988.

Ákærði hefur viðurkennt, að laugardaginn 25. júní 1988 hafi hann ekið bifreiðinni X-6430, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Frikirkjuvegi 11, Reykjavík, að gatnamótum Lækjargötu og Skólabrúar, en þar hafði lögreglan afskipti af ákærða.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er öðrum gögnum málsins. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 21. nóvember 1988.

— — —

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði greiðlega, að miðvikudaginn 10. ágúst 1988 hefði hann ekið bifreiðinni Y-1363, sviptur

ökuréttindum ævilangt, með allt að 98 kílómetra hraða miðað við klukku-
stund vestur Sundlaugaveg í Reykjavík á vegarkafla að Reykjavegi.

Með afdráttarlausri játningu ákærða, sem studd er gögnum málsins, telst
sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að
sök í ákæru. Varðar þessi háttsemi ákærða við 1. mgr. 37. gr. og 1. mgr.
48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 30. nóvember 1989.

1) Aðfaranótt sunnudagsins 8. maí 1988 um kl. 2.45 veittu lögreglu-
menn í Ólafsvík bifreiðinni Ö-10649 athygli, þar sem henni var ekið fram
há lögreglustöðinni þar í kaupstaðnum. Þar sem lögreglunni þótti ástæða
til að kanna ástand ökumanns, var bifreiðinni veitt eftirför að Hótel Nesi.
Þegar lögregluna bar að, voru ökumaður bifreiðarinnar, ákærði í máli
þessu, og farþegi að stíga út úr henni. Var ákærði færður á lögreglustöðina
til yfirheyrslu.

Kl. 3.25 kom læknir á lögreglustöðina til töku blóðsýnis úr ákærða.
Reyndust í því 0,74% alkóhóls.

Við rannsókn og meðferð málsins viðurkenndi ákærði, að aðfaranótt
sunnudagsins 8. maí 1988 hefði hann ekið bifreiðinni Ö-10649, sviptur öku-
réttindum ævilangt, frá Hótel Búðum á Snæfellsnesi að Hótel Nesi í Ólafsvík,
en þar hefði lögreglan haft afskipti af akstri hans.

Ákærði kvaðst hafa drukkið hvítvín með mat á Hótel Búðum á laugar-
dagskvöldið. Giskaði hann á, að það hefði verið u.þ.b. hálfur lítri af hvít-
víni, sem hann drakk þar.

Fljótlega eftir að ákærði hafði lokið snæðingi, kvaðst hann hafa ekið,
sem leið lá, til Ólafsvíkur og stöðvað bifreiðina við Hótel Nes. Skömmu
síðar hefði lögreglan komið að bifreiðinni. Kvaðst ákærði hafa drukkið
góðan gúlsopa af óblönduðu gini úr flösku, sem hann var með í bifreiðinni,
áður en lögreglan kom að, en flöskuna hefði hann orðið sér úti um á Hótel
Búðum. Hefði hann tekið framanlýst til bragðs, þegar hann varð var við,
að lögreglubifreið nálgadist.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn frá Búð-
um til Ólafsvíkur. Kvaðst hann álita, að meiri hluti þess alkóhólmagns,
sem mældist í blóði hans greint sinn, stafaði af gindrykkjunni.

Lögreglumennirnir, sem höfðu afskipti af ákærða vegna þessa máls, hafa
allir komið fyrir dóm til skýrslugjafar.

Vitnið Adolf Steinsson varðstjóri skýrði svo frá, að greint sinn hefði það
verið í umferðareftirliti ásamt Birni Jónssyni lögreglumanni á sunnanverðu
Snæfellsnesi, m.a. við Hótel Búðir. Kvaðst vitnið hafa tekið eftir, að
bifreiðin Ö-10649 var ein þeirra bifreiða, sem voru við Hótel Búðir, er þeir
fóru þaðan, líklega eftir miðnætti umrædda nótt. Vitnið kvaðst hafa farið

á lögreglustöðina í Ólafsvík, en er það var á leið aftur út í lögreglubifreiðina, hafi það séð, hvar þessari sömu bifreið var ekið norðvestur Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Kvaðst vitnið þá strax hafa ákveðið, að lögreglan athugaði bifreiðina. Vitnið kvaðst hafa farið í lögreglubifreiðinni ásamt lögreglumönnum Birni Jónssyni, Hilmari Júlíussyni og Aðalsteini Aðalsteinessyni, og hefði það verið ökumaður. Ástæða þess, að þeir veittu bifreiðinni eftirför, hefði einkum verið sú, að þeir höfðu séð hana áður á Búdum, ekki, að eitthvað athugavert hefði verið við akstursmátann.

Vitnið kvaðst hafa ekið á eftir bifreiðinni Ö-10649, þar sem henni var ekið eftir Ólafsbraut, og hefði það verið mjög nærri henni. Það hefði þó hvorki séð ökumann né farþega. Bifreiðinni hefði síðan verið beygt til hægri fyrir hornið á Hótel Nesi, og hefði það fylgt fast á eftir og séð, þegar henni var lagt rétt við aðalinngang hótelsins. Kvaðst vitnið hafa séð greinilega, er bifreiðinni var lagt við hótelið, og að um leið hefði farþegi og ökumaður, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, stigið út úr bifreiðinni, og hefði lögreglubifreiðin þá verið fyrir aftan bifreið ákærða. Þá hefðu lögreglumenn, sem voru með sér, stökkið út úr lögreglubifreiðinni og náð tali af ákærða fyrir utan bifreiðina.

Hvað varðar þá fullyrðingu ákærða, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekki geta fullyrt um það. Það hefði ekki séð inn í bifreið ákærða, en tók fram, að þeir (sic) hefðu komið að bifreiðinni, um leið og henni var lagt við hótelið, og ákærði hefði stigið út úr henni, nánast um leið og hún var stöðvuð. Tók vitnið fram, að það væri rangt, sem fram kæmi í framburði ákærða, að lögreglumennirnir hefðu komið að bifreið hans, skömmu eftir að hann kom að hótelinu.

Vitnið kvað hvorki ákærða né farþegann hafa verið með vín meðferðis, er þeir komu út úr bifreiðinni, en lögreglan hefði þó ekki leitað að víni í henni.

Loks staðfesti vitnið, að framburðarskýrsla þess við lögreglurannsókn málsins væri rétt.

Vitnið Björn Jónsson skýrði svo frá, að það hefði verið við umferðar-
eftirlit á sunnanverðu Snæfellsnesi 8. maí 1988 ásamt Adolf Steinssyni. Þegar þeir voru við Hótel Búðir, hefðu þeir veitt bifreið ákærða eftirtekt. Síðar um nóttina, er það og fleiri lögreglumenn voru staddir við lögreglustöðina í Ólafsvík, hefðu þeir séð, hvar þessari sömu bifreið var ekið eftir Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Því hefðu þeir strax farið í lögreglubifreiðina og veitt bifreið ákærða eftirför. Aðspurt um, hve nærri Ö-10649 lögreglubifreiðin var, kvaðst vitnið ekki muna það, en bifreiðin Ö-10649 hefði verið svo til nýstöðvuð, er þeir komu að henni. Kvaðst vitnið muna, að Hilmar Júlíusson fór út úr lögreglubifreiðinni ásamt öðrum lögreglumanni, en það myndi ekki, hvort það var það eða Aðalsteinn Aðalsteinnsson, sem fór með Hilmari.

Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekkert geta fullyrt, en taldi það þó hæpið. Kvaðst það hvorki minnst þess að hafa séð ginflösku né nokkra aðra vínflösku í fórum ákærða né farþegans. Þá kvaðst vitnið ekki muna, hvort lögreglan leitaði í bifreið ákærða. Vitnið kvað atvik málsins sér ekki í fersku minni, og aðspurt um ástand og útlit ákærða umrætt sinn kvað vitnið sig minna, að ákærði hefði ekki verið áberandi ölvaður.

Loks staðfesti vitnið, að skýrsla sú, sem það gaf við lögreglurannsókn málsins, væri rétt.

Vitnið Aðalsteinn Aðalsteinsson skýrði svo frá, að það hefði ásamt Adolf Steinssyni, Birni Jónssyni og Hilmar Júlíussoni verið statt fyrir framan lögreglustöðina í Ólafsvík 8. maí 1988, er bifreiðinni Ö-10649 var ekið eftir Ólafsbraut fram hjá lögreglustöðinni. Þar eð lögreglan hefði fyrr um kvöldið séð umrædda bifreið við Hótel Búðir, hefðu þeir (sic) ákveðið að athuga ástand ökumanns. Kvað vitnið þá hafa verið mjög snögga að fara upp í lögreglubifreiðina, og því hefði lögreglan aðeins misst sjónar af bifreið ákærða, þegar hún beygði að Hótel Nesi, en þegar lögreglubifreiðin kom fyrir hornið á hótelinu, hefði Ö-bifreiðinni verið rennt að aðalinngangi þess. Kvað vitnið sig minna, að Adolf hefði lagt lögreglubifreiðinni á ská fyrir aftan bifreið ákærða og Hilmar Júlíusson lögreglumaður þá þegar farið út úr bifreiðinni og haft tal af ökumanni. Minnti vitnið, að ökumaður hefði setið undir stýri, er Hilmar ræddi við hann. Hilmar hefði síðan gefið þeim merki, og þá kvaðst vitnið hafa farið út úr lögreglubifreiðinni til aðstoðar Hilmarí við að færa ákærða og farþega yfir í lögreglubifreiðina.

Vitnið kvaðst ekkert áfengi hafa séð, hvorki í fórum ákærða né farþega, en lögreglan hefði ekki leitað í bifreið ákærða. Minnti vitnið, að ekki hefðu verið sýnileg áfengisáhrif á ákærða. Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið ekkert geta fullyrt. Það hefði ekki séð inn í bifreið ákærða, að því er sig minnti, og ekki séð hann neyta áfengis. Vísaði vitnið til fyrri framburðar fyrir dómi og kvað lögreglubifreiðinni hafa verið rennt upp að bifreiðinni Ö-10649 í þann mund, sem ákærði var að leggja bifreið sinni við Hótel Nes, og því hefðu varla líðið nema 2-3 sekúndur, frá því að bifreiðin var stöðvuð og þar til Hilmar kom að bifreið ákærða.

Vitnið Hilmar Júlíusson skýrði svo frá, að greint sinn hefði það ásamt tveimur lögreglumönnum verið fyrir utan eða í dyrum lögreglustöðvarinnar, þegar bifreiðinni Ö-10649 var ekið fram hjá eftir Ólafsbraut. Bifreiðinni hefði þá þegar verið veitt eftirför, því að hún hefði sést við Hótel Búðir fyrr um kvöldið. Kvað vitnið lögregluna hafa komið að bifreiðinni Ö-10649, þar sem henni var lagt fyrir framan aðalinngang Hótel Ness. Er lögreglubifreiðin kom að bifreiðinni, hefði ökumaður og farþegi verið

að stíga út úr henni, og hefði það séð, er bifreiðinni var rennt í stæði við hótelið. Vitnið kvaðst hafa farið út úr lögreglubifreiðinni, og er það kom að ákærða, hefði hann verið að stíga út úr bifreið sinni. Kvað vitnið hvorki farþega né ákærða hafa haft áfengi meðferðis, en minnti, að það hefði séð tóma vínflösku á gólfi bifreiðarinnar.

Um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði neytt áfengis, eftir að akstri lauk, kvaðst vitnið vera þeirrar skoðunar, að hann hefði ekki haft tíma til áfengisneyslu, eftir að akstri lauk. Það kvaðst ekki hafa séð ákærða drekka og ítrekaði, að lögreglan hefði ekki komið skömmu síðar að bifreið ákærða, því að það hefði, eins og það hefði áður lýst, komið að ákærða, er hann var í þann mund að stíga út úr bifreiðinni við Hótel Nes.

Loks staðfesti vitnið, að skýrsla sú, sem það gaf við lögreglurannsókn málsins, væri rétt.

Bjarni Ágúst Jónsson var farþegi í bifreiðinni Ö-10649 greint sinn. Við lögreglurannsókn málsins skýrði hann svo frá í skýrslu, sem hann gaf 24. febrúar sl., að hann myndi lítið eftir málinu. Þessa umræddu helgi, sem hann myndi raunar mjög lítið eftir, hefði hann verið ölvaður og myndi ekki eftir neinum ölvunarakstri. Kvaðst hann aðeins muna lítillaga eftir að hafa farið þessa ferð, en annað væri gleymt.

Fyrir dómi skýrði vitnið hins vegar svo frá, að greint sinn hefði það verið farþegi í bifreiðinni R-10649 frá Búðum á Snæfellsnesi til Ólafsvíkur. Hefði ákærði ekið bifreiðinni og lokið akstri við Hótel Nes í Ólafsvík, að því er vitnið best mundi. Áfengisflaska hefði verið í bifreiðinni, og kvaðst vitnið hafa verið með hana hjá sér, þegar bifreiðin nam staðar við hótelið. Hefði ákærði tekið flöskuna og drukkið úr henni. Vitnið kvaðst þó hvorki muna, hve mikið ákærði drakk né hvaða áfengistegund var þarna um að ræða. Þeir hafi hins vegar setið um hríð í bifreiðinni, áður en lögreglan kom á vettvang og færði þá á lögreglustöð.

Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við, að ákærði bæri merki um ölvun á leiðinni frá Búðum til Ólafsvíkur, og kvað ákærða ekki hafa neytt áfengis á Hótel Búðum, enda hefðu þeir staðið þar stutt við. Þá kvaðst vitnið ekki muna, hvað varð um áfengisflöskuna. Það hefði verið nýbúið að opna hana og farið að drekka úr henni, áður en komið var til Ólafsvíkur.

Ákærði hefur viðurkennt akstur bifreiðarinnar Ö-10649, sviptur ökuréttindum ævilangt, frá Hótel Búðum að Hótel Nesi í Ólafsvík, svo sem nánar er lýst í ákæru. Er þessi háttsemi ákærða sönnuð með játningu hans og öðrum gögnum, er varða fyrri lið ákærunnar.

Á hinn bóginn hefur ákærði bæði hjá lögreglu og fyrir dómi neitað að hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann hefur þó skýrt frá því, að fyrir umræddan akstur hafi hann drukkið hvítvín, allt að hálfum lítra, á Hótel Búðum. Eins og að framan er rakið, hefur ákærði borið, að eftir

að akstri lauk við Hótel Nes, hefði hann neytt áfengis, sem hann segir fyrir dómi, að hafi verið góður gúlsopi af óblönduðu gini úr flösku, sem hann hafi verið með í bifreiðinni. Kvaðst hann álíta, að meiri hluti þess alkóhólmagns, sem mældist í blóði sínu (0,74‰), stafaði af ginneyslunni.

Framburður ákærða um áfengisneyslu eftir akstur fær stoð í framburði vitnisins Bjarna Ágústs Jónssonar fyrir dómi. Þetta vitni gat hins vegar ekki borið um þetta atriði við lögreglurannsókn málsins, svo sem áður er að vikið. Þykir þetta veikja framburð vitnisins og gera hann ótrúverðugan.

Lögreglumenn þeir, sem höfðu afskipti af ákærða við Hótel Nes, eru allir samsaga um, að lögreglubifreiðin hafi komið svo til alveg á eftir bifreiðinni Ö-10649 að hótelinu, þótt þeir fullyrði ekkert um, hvort ákærði hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk. Af framburði þeirra verður þó ráðið, að svigrúm ákærða til áfengisneyslu hafi nánast ekkert verið. Þá ber að líta til þess, að skammur tími leið, frá því að lögreglan hafði afskipti af ákærða, þar til blóðsýni var tekið úr honum.

Að öllu þessu athuguðu telur dómurinn nægilega sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekki einungis ekið bifreiðinni Ö-10649 sviptur ökuréttindum, heldur einnig undir áhrifum áfengis, frá Hótel Búðum á Snæfellsnesi að Hótel Nesi í Ólafsvík, þar sem lögreglan hafði afskipti af honum strax að loknum akstri. Með framanlýstri háttsemi hefur ákærði brotið gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

2) [...] Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði viðurkennt, að mánudaginn 18. september 1989 hafi hann ekið bifreiðinni R-20540, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, í námunda við heimili sitt, Þingholtsstræti 12, en þar hafi lögreglan haft afskipti af akstri sínum.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með afdráttarlausri játningu hans, sem studd er gögnum þeim, er varða þennan ákærulið. Hefur ákærði með þessu gerst brotlegur við 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Ákæra, dagsett 17. maí 1990.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt, að miðvikudaginn 14. mars síðastliðinn hafi hann ekið númerslausri bifreið af gerðinni Toyota-Corolla, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, frá Lindargötu í Reykjavík og um götur í borginni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Grettisgötu skammt vestan Vitastígs.

Framanlýst háttsemi ákærða er sönnuð með játningu hans og öðru því, sem fram er komið í málinu. Varðar hún við 1. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 63. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Niðurstæða.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, hefur ákærði í þessum dómi verið sakfelldur fyrir 17 brot gegn 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Í tveimur tilvikum er einnig um að ræða brot gegn 45. gr. sömu laga, en þar við bætist skjalafalsbrotið.

Refsing ákærða vegna hvers brots út af fyrir sig myndi, svo sem sakaferli hans er háttað, fara fram úr sektum. Brot gegn 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976, sem í gildi voru, þegar meiri hluti þessara brota var framinn, sbr. nú 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum. Samkvæmt 2. tl. 81. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, kemur því ekki til álita, að sök í neinu málanna sé fyrnd.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt refsingum sem hér segir: Á árunum 1979-1990 hefur ákærði alls 18 sinnum gengist undir sátt fyrir fíkniefnabrot, og tvívegis hefur hann hlotið dóm í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum fyrir fíkniefnabrot. Í fyrri dóminum, upp kveðnum 7. ágúst 1984, hlaut hann 60 daga fangelsi, og í hinum síðarnefnda, upp kveðnum 19. desember sl., hlaut hann einnig 60 daga fangelsi. Í ágúst 1976 var ákærði dæmdur í eins árs fangelsi fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld og ölvunarakstur, jafnframt því sem hann var sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 16 mánuði frá 10. ágúst 1976. Í maí 1977 var ákærða dæmdur hegningarauki við síðastnefndan dóm, tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað og fíkniefnabrot. Í júní sama ár var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað. Í desember 1979 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir ölvunar- og sviptingarakstur jafnframt því að vera sviptur ökuleyfi í eitt ár frá 17.12. 1979. Í október 1980 var ákærði dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir skjalafals og þjófnað. Hinn 6. nóvember 1980 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, þjófnað, nytjastuld, ölvunar- og sviptingarakstur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Með dómi sama dag var ákærði sakfelldur fyrir þjófnaðarbrot, en ekki gerð sérstök refsing. Í október 1981 var ákærði dæmdur í átta mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, húsbrot, þjófnað, ólögmæta meðferð fundins fjár og sviptingarakstur. Hinn 17.11. 1981 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir ölvunarakstur. Í maí 1982 var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir þjófnað og skjalafals. Í júlí sama ár var hann dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir skjalafals, þjófnað og sviptingarakstur. Í júlí 1983 var hann dæmdur í tólf mánaða fangelsi fyrir skjalafals, ölvunar- og sviptingarakstur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Dómi þessum var áfrýjað til Hæstaréttar og var staðfestur þar 16.11. 1983. Í mars 1984 gekkst ákærði undir dómsátt fyrir sviptingarakstur. Í ágúst 1985 var ákærði

dæmdur í 40 daga varðhald fyrir ölvunar- og sviptingaraktur. Jafnframt var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt. Þótt það komi ekki fram í sakavottorði, liggur ljóst fyrir, að síðastnefndum dómi var áfrýjað. Með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 12. mars 1986, var héraðsdómur staðfestur, en reynslulausn, 140 daga, sem ákærða hafði verið veitt í nóvember 1984, var tekin með, svo að ákærði hlaut sex mánaða fangelsi í Hæstarétti. Loks var ákærði í janúar 1989 sýknaður af ákæru fyrir hlutdeild í fjársvikum.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Refsinguna ber að tiltaka með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi níu mánuði.

Í ákærunum frá 20. nóvember 1985 og 30. nóvember 1989 er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til sviptingar ökuleyfis. Dómurinn telur nægilega í ljós leitt af gögnum málsins, að ákærði hafi aldrei öðlast ökuréttindi. Í núgildandi umferðarlögum er hvorki í 101. né 102. gr. fjallað um, að svipta megi mann rétti til að öðlast ökuleyfi, svo sem var í 81. gr. umferðarlagna nr. 40, 1968. Má í þessu sambandi einnig benda á hæstaréttardóm nr. 150/1988. Að þessu athuguðu verður að hafna kröfum ákæruvaldsins um, að ákærði skuli sviptur ökuréttindum.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Hilmars Ingimundarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 25.000 kr. Þann hluta sakarkostnaðar, sem er til kominn vegna ákæru, dagsettrar 15. janúar 1986, skal þó greiða úr ríkissjóði.

Dómari málsins tók við rekstri þess í febrúar 1987.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Tryggvi Bjarni Kristjánsson, sæti fangelsi níu mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 25.000 kr. Undanskilinn er sakarkostnaður vegna ákæru, dagsettrar 15. janúar 1986, sem greiðist úr ríkissjóði.